

Hnífsdal, f. h. firmans Þorvarður Sigurðsson, kr. 60.00
í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar
þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. marz 1939.

Nr. 58/1938. **Sigurður Berndsen**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

**Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h.
ríkissjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Ríkissjóður krafinn skaðabóta vegna ólögmaets upp-
boðs á lögteknum hlut, en uppboðsbeiðandi var
lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-
réttar með stefnu 28. maí f. á., hefir krafizt þess, að
stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr.
3197.29 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins
með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1935 til
greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar af
stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati
dómsins. Stefndi krefst þess þar á móti, að héraðs-
dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði
dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir
hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þykir
verða að ætla, að dómkrafan á hendur Guðmundi
Þorkelssyni hefði ekki á löglegu uppboði, sem fram
hefði farið um sömu mundir og uppboð það, er
hæstiréttur ónýtti 25. október 1935, orðið seld fyrir
hærri fjárhæð en sem svaraði sekt Guðmundar

Jónssonar að viðbættum kostnaði. Samkvæmt þessu og með því að tilkall áfrýjanda til dómkröfunnar stóð að baki fjárnámi því, er stefndi lét gera í kröfunni þann 4. ágúst 1934, þá hefir áfrýjandi ekkert verðmæti fengið við framsal kröfunnar frá Guðmundi Jónssyni. Ber því að taka kröfu stefnda um sýknu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Berndsen, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1938.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilaun höfðað með stefnu útgefinni 29. janúar 1936 af Sigurði Berndsen kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, gegn Gústav A. Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík f. h. rikissjóðs til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 3197.29 auk 6% ársvaxta frá 16. des. 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í málinu var kveðinn upp dómur 6. ágúst 1936, en sá dómur var ómerktur í hæstarétti 10. maí 1936, þar sem talið var, að hinn reglulegi héraðsdómari hefði átt að vikja úr dómarasæti í málinu ex officio eftir dómtöku þess. Hinn reglulegi dómari vék síðan úr dómarasæti í málinu með úrskurði uppkveðnum 27. apríl 1938, og sama dag var Ragnar Bjarkan stjórnarráðsfulltrúi skipaður til þess sem setudómari í Reykjavík að kveða upp dóm í málinu.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 24. maí 1934 var Guðmundur nokkur Jónsson, til heimilis á Bragagötu 31 í Reykjavík, dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 1200 króna sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni. Var síðan eftir beiðni lögreglustjóra gert fjárnám til tryggingar sektinni á

heimili Guðmundar 4. ágúst 1934, að honum fjarverandi, og var fjárnámið gert í dómskuld, er hann átti á hendur Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni í Langholti við Reykjavík, samkvæmt gestaréttardómi, uppkveðnum 26. maí 1934, að upphæð kr. 3800.00 auk 6% ársvaxta frá 4. marz 1934 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Dómskuld þessi var síðan seld á uppboði 15. ágúst 1934 fyrir kr. 500.00. Uppboði þessu var síðan áfrýjað til hæstaréttar, og með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 25. okt. 1935, var uppboðið fellt úr gildi með því að það þótti ekki hafa verið birt með nægilegum fyrirvara. En með bréfi, dags. 10. okt. 1934, framseldi Guðmundur Jónsson stefnandanum í máli þessu allan sinn rétt samkvæmt framangreindum dómi á hendur Guðmundi Þorkelssyni og skaðabótarétt þann, er hann kynni að eignast á hendur rikissjóði út af uppboðinu. Hin umrædda dómskuld var svo aftur seld á uppboði 3. maí 1936 fyrir kr. 50.00, og hefir því uppboði ekki verið áfrýjað til hæstaréttar. Kröfur sínar hér fyrir réttinum byggir stefnandi á því, að með framangreindri uppboðsgerð, er ómerkt var í hæstarétti, hafi eigandi dómskuldarinnar verið sviptur umráðarétti sínum yfir skuldinni, og hafi þá verið hægt að innheimta hana að fullu, en á tímabilinu frá því uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt í hæstarétti, eða frá 15. ágúst 1934 til 25. okt. 1935, hafi fjárhagur skuldara, Guðmundar Þorkelssonar, versnað svo mjög, að 25. okt. 1935 hafi skuldin verið svo að segja einskis virði.

Gerir stefnandi svofellda grein fyrir kröfu sinni:

Dómsupphæðin	kr. 3800.00
Vextir frá $\frac{1}{3}$ 34— $1\frac{1}{2}$ 35	— 487.29
Málskostnaður	— 300.00
	kr. 4587.29

að frádregnum: sekt Guðmundar

Jónssonar	kr. 1200.00
Málskostnaður	— 20.00
Fjárnámskostn. og innheimtulaun	— 170.00
	— 1390.00
	Alls kr. 3197.29

auk 6% ársvaxta frá 16. des. 1935 til greiðsludags.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu í málinu og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Mótmælakröfu sína byggir stefndi m. a. á því, að uppboðssalan út af fyrir sig hafi ekki meinað Guðmundi Jónssyni og síðan stefnanda umráð yfir dómkröfunni, heldur hafi það verið fjárnámið, sem enn stendur óhaggað. Þá heldur stefndur því fram, að Guðmundur Þorkelsson hafi um langt skeið verið mjög illa stæður fjárhagslega, og mótmælir því, að hagur Guðmundar hafi nokkuð versnað frá því uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt í hæstarétti. Í því sambandi bendir hann á, að Guðmundi Jónssyni hafi ekki tekizt að innheimta neitt af dómskuldinni frá því dómurinn var kveðinn upp 26. maí 1934 og þar til skuldin var tekin fjárnámi 4. ágúst sama ár. Auk þess tekur stefndi fram, að árangurslaust lögtak hafi verið gert hjá Guðmundi Þorkelssyni fyrir opinberum gjöldum 27. marz 1935. Umrædd dómskuld hafi því ekki verið meira virði en sekt Guðmundar Jónssonar nam með málskostnaði, en krafa stefnanda er miðuð við upphæð dómsins að frádreginni sektinni með málskostnaði.

Það verður að visu að fallast á það, að umrætt fjárnám hafi svipt eiganda dómkröfunnar umráðum yfir henni, en þó aðeins að nokkru leyti, því að með greiðslu þeirrar upphæðar, sem fjárnámið var gert fyrir, gat eigandinn aftur öðlazzt umráð yfir dómkröfunni, en með uppboðinu var hann sviptur þessum rétti, þar sem hann eftir uppboðið átti enga kröfu til að fá dóminn til umráða gegn greiðslu sektarinnar með kostnaði.

En til þess að um skaðabótakröfu af hálfu stefnanda út af framangreindu uppboði geti verið að ræða, lítur rétturinn svo á, að gegn mótmælum stefnds verði stefnandi að færa fram sannanir eða nægilega sterkar líkur fyrir því, að dómkrafan gegn Guðmundi Þorkelssyni hafi verið meira virði en sekt Guðmundar Jónssonar með kostnaði nam, eða meira en 1390.00 króna virði, er uppboðið fór fram, en hafi síðan misst verðgildi sitt að einhverju eða öllu leyti, er uppboðið var ómerkt í hæstarétti, enda er krafa stefnanda miðuð við þetta eins og áður er tekið fram. Þetta hefir stefnandi að áliti réttarins ekki gert, og þykir því rétt að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í

máli þessu og tildæma stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gústav A. Jónasson lögreglustjóri f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Sigurðar Berndsen, í máli þessu, en stefnandi skal greiða stefndum kr. 200.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marz 1939.

Nr. 33/1937. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Kristínu Egilsdóttur

(Theodór B. Líndal).

Um endurgjald til erfðafestuhafa fyrir erfðafestuland, er hann var sviptur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1937, hefir krafizt sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samþykkt bæjarstjórnar 17. nóv. 1904 um það, að erfðafestuhafar á löndum Reykjavíkurbæjar skyldu greiða bæjarsjóði 20% af söluverði erfðafestulanda sinna, er þeim væri breytt í byggingarlóðir, hefir verið fylgt óslitið frá 1. jan. 1905 til